

eða aðalfundarheimildar megi borga skipum á klt. fyrir aðstoð, en skyldi ekki eigendur skipa, er þar eru vátryggð, til þess að framkvæma björgun eða aðstoð fyrir 20 kr. á klt. Slikt ákvæði, ef sett hefði verið, mundi líka slæva viljann til björgunar og aðstoðar sjómönnum, eigendum skipa og vátryggingarfélaginu til hins mesta háska.

Með tilliti til verðmætis v/b Elínar annars vegar, en hins vegar með tilliti til þess, að stefnandi hefir tafizt frá veiðum, verður að telja hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda 1000 kr. fyrir aðstoðina og kr. 100.00 í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elínu fyrir þessum fjárhæðum.

Föstudaginn 10. desember 1937.

Nr. 85/1937. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Gunnlaugi Jónssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Víxilfölsun.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 12. febr. 1937: Ákærði, Gunnlaugur Jónsson frá Skeggjastöðum í Ólafsfirði, sæti 6 mánaða fengelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins er það sannað, að hann hefir falsað víxil þann, sem getur í héraðsdóminum, og ennfremur sendibréf, stílað til Einars Gunnarssonar kaupmanns, og undirritað með nafni föður ákærða, en í bréfi þessu

er nefndur Einar beðinn að selja víxilinn í Landsbankanum, og það tekið fram, að ekki mundi verða farið fram á framlengingu á vixlinum.

Um hin fölsuðu skjöl er það bersýnilegt, að þau eru rituð með sömu hendi.

Með víxilfölsuninni hefir ákærður gerzt brotlegur við 271. gr. hegningarlaganna og með fölsun sendibréfsins hefir hann brotið gegn 272. gr. sömu laga, og þykir refsing ákærða með hliðsjón af 63. gr. og 273. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en ákveða þykir mega samkvæmt 1. gr. laga nr. 39 frá 1907, að refsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum téðra laga.

Samkvæmt þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Það er athugavert við rannsókn málsins, að vanrækt hefir verið að afla skýrslna um hagi ákærða.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Gunnlaugur Jónsson, sæti 7 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkveðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 60.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað fyrir auka-rétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 7. jan. 1937 gegn Gunnlaugi Jónssyni frá Ólafsfirði fyrir brot á 27. kapitula almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til hegningar og greiðslu alls kostnaðar, er af máli þessu og rannsókn hefir leitt og kann að leiða.

Stefna var útgefin í málinu 8. desember 1936, rskj. 6, og send til birtingar út í Ólafsfjörð, og átti málið að koma fyrir 22. desember síðastl., en stefnan kom of seint, og varð því að stefna af nýju.

Í byrjun októbermánaðar síðastl. kom Einar Gunnarsson kaupmaður niður í útibú Landsbankans á Akureyri með vixil, að upphæð kr. 500, útgefinn í Ólafsfirði 1. október síðastl., með gjalddaga 1. jan. 1937. Hann hafði með sér bréf frá samþykkjanda vixilsins, þar sem hann óskaði, að vixillinn yrði keyptur. Á vixlinum voru nöfn eftirfylgjandi manna: Jón Gunnlaugsson, faðir ákærða, var samþykkjandi vixilsins. Útgefandi var Steinn Jónason, en ábekingar Kristján Rögnvaldsson, Kviabekk Ólafsfirði, og Jón Júl. Þorsteinsson kennari Ólafsfirði.

Bankastjóra útibús Landsbankans þótti vixillinn grunsamlegur. Hringdi hann upp Jón Júlíus Þorsteinsson og sagði hann honum, að hann hefði ekki ritað nafn sitt á vixilinn, eða samþykkt, að það væri ritað. Síðar um daginn fékk hann og vitneskju um, að fleiri nöfn voru fölsuð á vixlinum. Vixillinn var því ekki keyptur.

Ákærði hefir játað, að hann hafi skrifað öll nöfnin á vixilinn, og eins kannast hann við að hafa skrifað bréfið

rskj. 2, en hann heldur fram, að Einar Gunnarsson kaupmaður hafi dikterað bréfið. Einar Gunnarsson átti að fá skuld greidda af vixilupphæðinni. Próf hafa farið fram um tilorðningu bréfsins. Er það að vísu upplýst í málinu, að ákærði hefir verið á skrifstofu Einars Gunnarssonar í byrjun október, og þeir verið þar, að því er virðist, ölvæðir, en Einar Gunnarsson hefir neitað því harðlega, að hann hafi átt nokkurn þátt í samningu bréfsins, enda engar sannanir framkomnar um, að svo hafi verið. Hann neitar því, að hann hafi átt uppástunguna að því, að bréfið var skrifað.

Allir þeir, sem á vixlinum voru, hafa verið yfirheyrðir og neita þeir allir að hafa ritað nöfn sín á vixilinn, enda aldrei komið til orða, að þeir væru á vixlinum. Jón Gunnlaugsson hefir og neitað því, að hann hafi undirritað rskj. 2, enda aldrei komið til mála, að hann hafi beðið Einar Gunnarsson að selja vixilinn.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, telur sig vera fæddan 27. ág. 1897, og þótti því ekki sérstök ástæða til þess að útvega skírnarvottorð, þar sem hann var svo langt yfir lögaldur sakamanna, sbr. rskj. 9. Ákærði hefir aldrei sætt hegningu. Brot ákærða ber að færa undir 271. gr. almennra hegningarlaga. Með tilliti til þess, að ákærði hefir kannast hreinskilnislega við brot sitt, og með tilliti til þess, að skjal það, sem falsað var, var þannig úr garði gert, að auðsætt var, að öll nöfnin voru rituð með sömu hönd, enda segist ákærði upphaflega hafa verið að búa til fyrirmynd af vixli með árituðum nöfnum til þess að senda til Ólafsfjarðar til að sýna, hvar nöfnin og hvernig þau ættu að standa á vixli, sem hann ætlaði að fá þar, þá þykir mega ákveða hegninguna með tilvísun til 273. gr. almennra hegningarlaga sbr. 33. gr. sömu laga 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns, fyrrv. bæjarfógeta Steingrims Jónssonar. Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

